

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Skógræktarsjóð Skagafjarðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skógræktarsjóður Skagafjarðar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Heimili og varnarþing sjóðsins er að Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveitarfélaginu Skagafirði, kt. 550698-2349 og Akrahreppi, kt. 410169-3209, með framlögðum eignum sem áður tilheyrðu Skógræktarsjóði Skagafjarðarsýslu sem stofnaður var af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Stofnframlag sjóðsins er 1.000.000 kr. og greiðist við stofnun sjóðsins. Stofnframlagið er bundið stofnfé í sjóðnum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint stofnframlag.
2. Frjáls framlög lögaðila og einstaklinga.
3. Vextir og arður af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja skógræktar- og umhverfisverkefni í Skagafirði með framlögum úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins ákveður framlög til einstakra verkefna og er henni heimilt að auglýsa eftir tillögum um þau. Ekki er skylt að veita framlög á hverju ári. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú aðilar tilnefndir af sveitarfélögunum í Skagafirði, kosnir til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Verði sveitarfélögin í Skagafirði, þ. e. stofnaðilar sjóðsins, ekki einróma um tilnefningar í stjórn skal Sveitarfélagið Skagafjörður tilnefna tvo aðila og Akrahreppur tilnefna einn aðila. Sjóðsstjórnin sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins. Sjóðnum er eigi heimilt að veita lán af eigin fé sínu. Sjóðsstjórn skal leitast við að tryggja sem besta ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma án þess að stofna fé hans í hættu og gæta þess að eignir skili eðlilegum arði. Stjórn sjóðsins er heimilt að skerða eigið fé sjóðsins við úthlutun úr honum en þó eigi fyrr en við úthlutun árið 2009. Ekki er heimilt að skerða hið bundna stofnfé.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, fyrsta reikningsskilatímabilið er frá stofnun sjóðsins til ársloka 2008. Stjórn sjóðsins lætur semja reikninga og skulu þeir yfirfarnir af endurskoðanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert.

7. gr.

Stjórn sjóðsins gerir tillögur að breytingum á skipulagsskrá þessari, enda sé meirihluti stjórnar samþykkur breytingunum. Breytingartillögur skulu hljóta staðfestingu sveitarstjórna beggja sveitarfélaga áður en þær taka gildi. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki staðfestir skipulagsskrána í upphafi og leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á breyt-

ingum á skipulagsskránni. Verði sjóðurinn lagður niður skal stjórnin gera tillögur um ráðstöfun eigna, sem hljóti samþykki beggja sveitarfélaga og sýslumannsins á Sauðárkróki.

8. gr.

Oddviti Akrahrepps og sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar undirrita skipulagsskrá þessa samkvæmt samþykktum sveitarstjórna Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 8. júlí 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.